

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður í Landsbanka Íslands. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ber stjórn Slysavarnafélags Íslands skylda til að sjá svo um, að innistæða um áramót hverju sinni, sé minnst kr. 100 000.00.

7. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka á móti gjöfum og fjárframlögum og er það von stofnenda hans, að einstaklingar og félög, sem unna þeim þætti slysavarnamála, sem björgunarsveitir Slysavarnafélags Íslands leysa af hendi, efli sjóð þennan með fjárframlögum eftir vilja og getu hvers og eins. Þau fjárframlög, sem á þann hátt kynnu að berast sjóðnum, verða þó því aðeins þegin, að þau á engan hátt breyti tilgangi og markmiði sjóðsins samkvæmt því sem ofangreindir í skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Í lok janúarmánaðar ár hvert skili stjórn sjóðsins endurskoðuðum reikningum hans, svo og greinargerð um hvernig úthlutunarfé hafi verið varið.

Í stjórn Minningarsjóðs Holger Thuesen Bruun.

F. h. Skipstjórafélags Íslands.

Lárus Þorsteinsson.

F. h. Slysavarnafélags Íslands.

Ingólfur Þórðarson. Hannes Þ. Hafstein.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gunnhildar Grímsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 27. marz 1969. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Gunnhildar I. Grímsdóttur frá Sigtúni á Vopnafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Gunnhildar I. Grímsdóttur. Stofnendur eru tengdabörn hinnar látnu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Gunnhildi I. Grímsdóttur. Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af peningum og verðbréfum hans, gjafir og áheit, sala á minningarkortum og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn með þeim takmörkunum er segir í 6. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og skulu tveir þeirra kosnir af Kiwanisklúbbum Öskju, Vopnafirði og einn af hálfu gefenda, eða afkomenda þeirra, og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Kosning skal fara fram árlega.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur og einstæðar mæður í Vopnafjarðarhreppi.

6. gr.

Ársvextir sjóðsins og tekjur skulu leggjast við hann unz sjóðurinn er orðinn kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur —. Þá er stjórninni heimilt að nota alla ársvexti sjóðsins til þeirra hluta er skipulagsskráin segir til um.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum banka, sparisjóði eða verðbréfum eftir því, sem stjórnin telur fullkomlega trygg. Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn og heimilisföng þeirra kvenna, sem styrk fá og allar greiðslur, er sjóðurinn lætur af hendi. Einnig skulu allar tekjur og framlög færð í hana á sama hátt. Einnig ársreikninga og skulu þeir undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af þeim sömu endurskoðendum og endurskoða reikninga Öskju.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef ástæða þykir til, en einungis með samþykki allra stjórnarmeðlima.

11. gr.

Ef Kiwanisklúbburinn Askja, sem hefur með sjóðinn að gera, af einhverjum ástæðum hættir störfum, er sóknarnefnd Vopnafjarðarkirkju beðin um að annast sjóðinn.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum er gerðar kunna að verða á henni samkvæmt 10. gr.

Vopnafirði, 9. nóvember 1968.

Í stjórn Minningarsjóðs Gunnhildar Grímsdóttur.

Stefán Leifsson, formaður.

Þorsteinn Stefánsson. Stefán Helgason.